

Valdimar I. Gunnarsson  
Sjávarútvegsþjónustan ehf.  
Grandagarði 16  
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. desember 2015  
Tilvísun: 201510053 / 5.1

---

**Efni: Seiðaeldisstöð Nauteyri. Allt að 800 tonna ársframleiðsla lax- og regnbogasilungsseiða. - ákvörðun Skipulagsstofnunar**

---

Meðfylgjandi er ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna framleiðsluaukningu í seiðaeldisstöð Háafells ehf. Nauteyri. Allt að 800 tonna ársframleiðsla lax- og regnbogasilungsseiða., skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.



Valur Klemensson

Afrit af ákvörðun fá: Strandabyggð, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Matvælastofnun - dýralæknir fisksjúkdóma, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun

---

**ALLT AÐ 800 TONNA ÁRSFRAMLEIÐSLA Á LAX- OG  
REGNBOGASILUNGSSEIÐUM**  
**Seiðaeldisstöð Háfells ehf. á Nauteyri, Strandabyggð**  
**Ákvörðun um matskyldu**

---

### Inngangur

Þann 27. október 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Háfelli ehf. um fyrirhugaða framleiðsluaukningu í seiðaeldisstöðinni á Nauteyri í Strandabyggð, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Strandabyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Matvælastofnunar - dýralæknir fisksjúkdóma, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

### Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning til ákvörðunar á matskyldu, á allt að 800 tonna ársframleiðslu á lax- og regnbogasilungsseiðum í seiðaeldisstöð Háafells ehf. á Nauteyri. Nóvember 2015.

Umsagnir bárust frá:

- Strandabyggð með bréfi dags. 16. nóvember 2015
- Fiskistofu með tölvubréfi dags. 9. desember 2015
- Hafrannsóknastofnun með tölvubréfi dags. 19. nóvember 2015
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með tölvubréfi dags. 11. nóvember 2015
- Matvælastofnun með tölvubréfi dags. 5. nóvember 2015
- Minjastofnun Íslands með tölvubréfi dags. 12. nóvember 2015
- Umhverfisstofnun með tölvubréfi dags. 23. nóvember 2015

### Fyrirhuguð framkvæmd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Seiðaeldisstöð Háafells ehf. er staðsett á Nauteyri á Langadalsströnd í innanverðu Ísafjarðardjúpi og verið starfrækt frá árinu 1985. Stöðin er innan svæðis sem tilgreint er sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Núverandi heimild er til framleiðslu 200 tonna af laxa- og regnbogasilungsseiðum. Kaldavatnstaka fyrir stöðina er að stærstum hluta í stíflu ofan við veg en einnig í brunnhúsi við Hafnardalsá rétt fyrir ofan seiðaeldisstöðina en heitt vatn er leitt í um 2,5 km lögn að seiðaeldishúsum frá þremur borholum á sunnanverðri jörðinni (Suðursvæði).

Fram kemur að fyrirhugaðar breytingar hafi það markmið að auka framleiðsluna upp í allt að 800 tonn af laxa- og regnbogasilungsseiðum á ári. Gert er ráð fyrir að um 100 l/s af um 35°C heitu vatni þurfi fyrir seiðaframleiðsluna miðað við fyrsta áfanga. Fyrst í stað verður borað á Suðursvæðinu. Ef þar fæst ekki nægilegt heitt vatn verður einnig borað við Hafnardalsá og á



Baðlaugarsvæðinu en þá þarf um 1,6 km lögn þaðan og að eldisstöðinni sem lögð yrði á öröskuðum svæðum. Gert er ráð fyrir að endurnýja fljótlega núverandi heitavatnslögn að Suðursvæðinu, en ný lögn verður lögð samsíða þeirri eldri.

Gert er ráð fyrir að heildarstækkun húsnæðis verði u.þ.b. 5.000 m<sup>2</sup>. Núverandi húsnæði er um 1.000 m<sup>2</sup> og þegar fyrsta áfanga uppbyggingar er lokið er flatarmál húsnæðis á Nauteyri um 6.000 m<sup>2</sup>. Ef farið verður í annan áfanga má gera ráð fyrir að byggt verði um 2.000 m<sup>2</sup> húsnæði. Núverandi eldisrými er um 900 m<sup>3</sup> og með stækkuninni mun eldisrými seiðaeldisstöðvarinnar verða um 12.000 m<sup>3</sup>. Ef farið verður í annan áfanga má gera ráð fyrir að eldisrými geti farið upp í 18.000 m<sup>3</sup>.

Fram kemur að frárennsli stöðvarinnar hefur farið í ós Hafnardalsár en með uppbyggingu stöðvarinnar er gert ráð fyrir að allt frárennsli fari í sjó þar sem það kemur út vel neðan stórstraumsfjöru.

Fram kemur að í öllum körum eru ristar af hæfilegri stærð til að hindra að fiskur komist út úr þeim. Jafnframt mun frárennsli úr öllum körum með smáan fisk og ferskvatn fara í gegnum tromlu þar sem stærri úrgangur og fiskur sem sleppur út verður fjarlægður. Í frárennsli stöðvarinnar er fiskfangari sem fangar fisk sem mögulega sleppur úr körum eða fer niður um ristar á niðurföllum. Í gæðahandbók eru ákvæði um að ristar í fiskfangara séu hreinsaðar reglulega og eftirlit með því hvort eldisfisk sé að finna í fangaranum. Seiðum er dælt út í brunnbát um barka þegar afhenda á þau úr stöðinni. Í gæðahandbók eru skilgreind viðbrögð ef fiskur sleppur við afhendingu í brunnbát. Áður en seiði eru afhent úr stöðinni þarf að liggja fyrir heilbrigðisvottorð frá Matvælastofnun.

Fram kemur að gerður verður samningur við fisksjúkdómafræðing eða aðila með sambærilega menntun um reglulegar heimsóknir og eftirlit með heilbrigði fiska.

## **Helstu umhverfisáhrif**

### **Áhrif á landslag**

Fram kemur í tilkynningu að nú séu til staðar tvö áberandi hús á svæðinu sem sjáist vel frá sjó og þjóðvegi. Gert er ráð fyrir byggingu nokkurra húsa og útikara sem einnig verða áberandi frá sjó og þjóðvegi. Nýjar byggingar munu vera allt að 8 metrar á hæð og því meira áberandi í landslagi. Jarðvegrask muni eiga sér stað vegna byggingar á húsnæði og útikörum. Það sem verður mest áberandi er uppfylling fram í fjöruna sem varin verður með grjóttgarði. Talið er að starfsemi seiðaeldisstöðvarinnar muni ekki valda umtalsverðum neikvæðum áhrifum á landslag. Ný heitavatnslögn verður lögð samhliða núverandi lögn þannig að neikvæð áhrif á landslag frá því sem nú er ættu að verða hverfandi. Verði borað á Baðlaugasvæði eða við Hafnardalsá geta nýjar lagnir (0,8-1,6 km langar) og vegslóði frá Hafnardalsá haft áhrif á landslag.

### **Áhrif á vatnalíf**

Fram kemur í tilkynningu að nú fari frárennsli seiðaeldisstöðvarinnar í ós Hafnardalsár. Það frárennsli verður aflagt og öllu frárennslisvatni beint út í sjó. Fyrirhugaðar framkvæmdir munu ekki hafa neinn snertiflöt við Hafnardalsá, nema þar sem ferskvatnstakan á sér stað. Ný mannvirki munu vera í nokkurra metra fjarlægð frá árbakkanum.

### **Áhrif á gróður**

Svæðið við seiðaeldisstöðina er lítt gróið og gras ríkjandi. Nokkuð votlendi er á Suðursvæðinu og þar hefur fundist naðurtunga sem er á valista. Ef farið verður út í það að bora á Suðursvæðinu og leggja lagnir yfir á Baðlaugarsvæðið verður tekið tillit til þess að raska ekki svæði þar sem naðurtunga er að finna.



### **Áhrif framkvæmda á fuglalíf**

Framkvæmdaraðili greinir frá að endurnýjun á hitaveitulögn sé lítil og vel afmörkuð framkvæmd og hafi því lítil áhrif á fuglalíf. Framkvæmdir við hitaveitulögn séu líklegar til að hafa lítil áhrif á varpfugla nema þá einhver tímabundin áhrif á meðan á framkvæmdum stendur. Í nágrenni framkvæmdasvæðisins er óðal fálka og hrafns. Það er ekki í hættu vegna framkvæmdanna en hugsanlega geta þær truflað varp ef framkvæmdirnar verða að vori/sumri til. Mælst er með því að varpið sé kannað næsta vor áður en framkvæmdir hefjast, ef þær eru ætlaðar um vor/sumar. Ef fálki er í varpi þá verður að hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun um framkvæmdir.

### **Náttúru- og menningarminjar**

Fram kemur í tilkynningu að í úttekt Náttúrustofu Vestfjarða hafi ekki komið ekki fram neinar fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

### **Áhrif á botndýralíf**

Í tilkynningu kemur fram að einhver uppsöfnun úrgangsefna getur hugsanlega orðið fast við úthlaup frárennislagnar og því haft staðbundin áhrif á botndýralífið á afmörkuðu svæði.

### **Vöktun og viðbrögð**

Fram kemur að gerður verði vöktunarsamningur við Náttúrustofu Vestfjarða eða annan aðila sem getur veitt þjónustu um vöktun á næsta umhverfi. Náttúrustofa Vestfjarða hefur lokið við að meta grunnástand botns og botndýra við frárennli seiðaeldisstöðvarinnar. Reglulega verður fylgst með ástandi botndýralífs við frárennli seiðaeldisstöðvarinnar eða eins og skilgreint verður í starfsleyfi. Ef upp kemur sú staða að óeðlilega mikil uppsöfnun eigi sér stað við úttak frárennslis verða stærri lífrænar agnir hreinsaðar úr vatninu áður en því er hleypt út í sjó til að minnka lífrænt álag á svæðinu.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram það mat að ólíklegt sé að sjúkdómasmit muni berast frá stöðinni. Fiskistofa leggur áherslu á að vandað verði til verka þegar búnaður, sem á að hindra lifandi fiskur sleppi frá stöðinni, verður settur upp.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að losun í sjó með þeim hætti sem lýst er í greinargerð ætti að tryggja að ekki verði um uppsöfnun næringarefna að ræða.

Fram kemur í umsögnum Strandabyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Matvælastofnunar - dýralæknir fisksjúkdóma, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eða ekki matsskyld.

### **Leyfisveitingar**

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi Strandabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Einnig rekstrarleyfi Matvælastofnunar skv. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Áður en framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi. Vakin er athygli á ákvæðum skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 um skiplag við sjó.



## Niðurstaða

Um er að ræða framleiðsluaukningu í seiðaeldisstöð Háfells ehf. á Nauteyri í Strandabyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar séu sjónræn áhrif sem fylgi nýjum mannvirkjum tengdum aukinni framleiðslu. Mikilvægt er að vel verði vandað til hönnunar og frágangs til að þau falli sem best að landi. Meira magn næringarefna mun berast til sjávar miðað við núverandi starfsemi og því er mikilvægt að standa vel að vöktun áhrifa á lífríki við frárennsli stöðvarinnar í samráði við leyfisveitendur. Skipulagsstofnun telur að áhrif á gróðurfar og fuglalíf verði óveruleg en leggur áherslu á að framkvæmdaraðili haldi framkvæmdum frá því svæði þar sem naðurtungu er að finna og sýni aðgát við framkvæmdir nærri óðulum fálka og hrafns.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Háfells ehf. við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framleiðsluaukning sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. janúar 2016.

Reykjavík, 18. desember 2015

Rut Kristinsdóttir

Valur Klemensson